Aðalfundur FFÁS og fræðslustund 2022

Mánudaginn 4. apríl kl. 13:30 – 16:00 á skólasafni Flataskóla

Fundarstjóri: Elínborg Anna Siggeirsdóttir

Fundarritari: Ágústa Lúðvíksdóttir

Mættir voru 32 félagsmenn

Ágústa Lúðvíksdóttir bauð gesti velkomna, sagði frá starfsemi safnsins í stuttu máli og kynnti fundarstjóra dagsins. Að því loknu hófst aðalfundur félagsins.

Dagskrá aðalfundar:

Skýrsla stjórnar: Dröfn Vilhjálmsdóttir, formaður

Ársreikningur félagsins: Margrét Björnsdóttir, gjaldkeri

Kosning í stjórnarstöður: Stjórn og kjaranefnd.

Fundarstjóri kynnti dagskrá aðalfundar, formann og ritara félagsins og gaf formanni orðið til að kynna skýrslu stjórnar.

Formaður byrjaði á að þakka Ágústu Lúðvíksdóttur fyrir að hýsa fundinn og þakkaði Elínborgu Siggeirsdóttur fyrir að taka að sér fundarstjórn.

Skýrsla stjórnar

Formaður kynnti stjórnarmeðlimi og nefndir:

Síðastliðið starfsár hafa eftirtaldir skipað stjórn FFÁS:

Dröfn Vilhjálmsdóttir - Seljaskóla, formaður

Guðrún Ólafsdóttir – Kársnesskóla, varaformaður

Margrét Björnsdóttir – Skólasafnamiðstöð, gjaldkeri

Halla Svavarsdóttir - Víðistaðaskóla, ritari

Þórunn Grétarsdóttir– Garðaskóla, umsjón með póstlista

Ágústa Lúðvíksdóttir – Flataskóla, meðstjórnandi

Þóra Jónsdóttir - Öldutúnsskóla, meðstjórnandi

Jónella Sigurjónsdóttir, Selásskóla, meðstjórnandi

Formaður þakkaði stjórninni fyrir vel unnin störf sem þrátt fyrir að hafa ekki getað haldið úti hefðbundnu starfi FFÁS sat ekki auðum höndum. Úr stjórn víkja Þórunn Grétarsdóttir, Ágústa Lúðvíksdóttir og Þóra Jónsdóttir og þakkaði formaður þeim fyrir ánægjulegt samstarf.

Formaður fór yfir starfsemi félagsins síðast liðið ár en þrátt fyrir að félagsmenn hafi ekki getað hist vegna heimsfaraldurs.

Síðastliðið haust lagði stjórn FFÁS inn umsókn um styrk í Bókasafnssjóð fyrir vefsíðu fyrir félagið sem yrði vettvangur fyrir samvinnu, faglegt samstarf og miðlun á sameiginlegu efni af ýmsum toga. Þær ánægjulegu fréttir bárust í upphafi árs að FFÁS hlaut þennan styrk. Lilja Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptamálaráðherra afhenti styrkinn við formlega athöfn í Safnahúsinu í janúar síðastliðnum. Í kjölfarið var myndað vefsíðuteymi sem samanstendur af formanni, Unni Maríu Sólmundsdóttur í Breiðholtsskóla og Jónellu Sigurjónsdóttur í Selásskóla. Unnur María rekur einmitt umfangsmikla vefsíðu, kennarinn.is sem eflaust flestir kannast við og er því mjög vön vefsíðugerð. Þær Unnur og Jónella hafa jafnframt unnið mikið við að búa til kennsluefni fyrir Menntamálastofnun og fleiri aðila. Búið er að hafa samband við vefsíðufyrirtæki sem setja mun upp síðuna en mesta vinnan mun þó felast í að skipuleggja og ákveða hvernig síðan á að líta út hvað sé á henni, hvernig efnið á að flokkast, hvaða efni fer á síðuna og svo vinna og útfæra efnið á síðuna. Stefnt er að því að vefsíða félagsins verði opnuð í ágúst þegar skólar hefjast eftir sumarleyfi.

Á ári hverju er haldin barna- og unglingabókaráðstefna í Menningarhúsinu í Gerðubergi. Guðrún Ólafsdóttir var fulltrúi FFÁS í nefndinni í ár. Í ár beindi ráðstefnan sjónum sínum að því hvernig margbreytileiki birtist í barnabókmenntum. Um mikilvægi þess að tilheyra og eiga heima í skáldskap.

Síðastliðið haust var formanni svo boðið í starfshóp fyrir hönd FFÁS hjá Ágústu Pálsdóttur, prófessor í upplýsingafræði. Hún kallaði til fulltrúa frá öllum safnategundum til að ræða um áherslur í náminu út frá þörfum bókasafna og til að skoða hvar hægt er að finna sameiginlega áhersluþætti og líka hverjar sérþarfir einstakra tegunda bókasafna eru. Þarna er komið gott

tækifæri fyrir starfsfólk á grunnskólasöfnum að hafa áhrif á hvað er kennt í upplýsingafræði með tilliti til þess sem því finnst þurfa að leggja áherslu á fyrir starfsvettvanginn.

Að lokum lýsti formaður yfir ánægju sinni með að nú geti félagsmenn loks farið að hittast á hefðbundnum fræðslufundum í eigin persónu.

Kosning í stjórnarstöður

Úr stjórn gengu eins og komið hefur fram Þórunn Grétarsdóttir, Ágústa Lúðvíksdóttir og Þóra Jónsdóttir. Nýir stjórnarmenn voru kjörnir Unnur María Sólmundsdóttir og Einar Eysteinsson. Jafnframt var auglýst eftir fulltrúum í kjaranefndir annars vegar SBU og KÍ. Þóra Jónsdóttir bauð sig fram sem fulltrúa félagsins í SBU og var framboð hennar samþykkt einróma.

Ársreikningur félagsins

Margrét Björnsdóttir gjaldkeri fór yfir styrki og fasta útgjaldaliði eins og Gerðubergsráðstefnuna. Er staðan í árslok 603.500 krónur, eftir að búið var að yfirfara reikninga var ársreikningurinn samþykktur með lófaklappi.

Aðalfundi var slitið og við tók fræðslustund.

Elínborg Anna Siggeirsdóttir, kennsluráðgjafi í tækni, nýsköpun og skólaþróun í Flataskóla flutti erindi um leiðsagnarnám, samþættingu kennsluaðferða, áhugasviðsverkefni nemenda, „Djúpið“ sem er *makerspace* rými Flataskóla og hugmyndafræðina á bakvið það.

Kaffihlé

Að loknu kaffihléi tók Guðrún Lára Pétursdóttir bókmenntafræðingur við en hún flutti erindi sitt „Fanga íslenskar barna- og unglingabækur margbreytileika samfélagsins nægilega vel? Hversu mikið rými fær fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk af ólíkum kynþáttum og uppruna í bókmenntum fyrir börn og ungmenni? Fá allir að vera með?“ Í fyrirlestrinum leitast Guðrún við að svara þessum spurningum með því að skoða útgáfu ársins 2021 og rýna í margbreytileika þeirra verka sem þá komu út. Mjög góður rómur var gerður að erindi Guðrúnar sem þótti bæði upplýsandi og áhugavert.